

Umboðsmaður barna

01 241

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Umboðsmaður barna

kt. 591294-2969

Kringlunni 1, 103 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Umboðsmaður barna er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli sérlaga. Meginhlutverk stofnunarinnar er að vinna að bættum hag barna og standa vörð um hagsmuni, þarfir og réttindi þeirra og að tekið sé tillit til þessa þátta við lagasetningu og ákvarðanatöku.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 29 og málaflokk 40 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 81,4 milljónir og afkoma kr. -2,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 1,2 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 14,8 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Umboðsmanns barna í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Umboðsmanns barna fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Salvör Nordal
Umboðsmaður barna

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	78.000.000	77.400.000
Seld þjónusta	3	0	2.200.000
Framlög og ýmsar tekjur	4	2.895.990	3.418.028
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	532.738	552.157
Tekjur samtals		81.428.728	83.570.185
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	62.788.181	60.962.822
Annar rekstrarkostnaður	6	20.898.127	18.700.619
Afskriftir	7	532.738	552.157
Gjöld samtals		84.219.046	80.215.598
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(2.790.318)	3.354.587
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(892)	(6.976)
		(892)	(6.941)
Afkoma ársins		(2.791.210)	3.347.646

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	8	3.786	0
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður		1.529.203	1.373.731
		<u>1.529.203</u>	<u>1.373.731</u>
Fastafjármunir samtals		<u>1.532.989</u>	<u>1.373.731</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	10	13.283.605	12.887.582
Veltufjármunir samtals		<u>13.309.495</u>	<u>12.887.582</u>
Eignir samtals		<u>14.842.484</u>	<u>14.261.313</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hrein eign	11	1.229.348	4.268.204
Eigið fé samtals		<u>1.229.348</u>	<u>4.268.204</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	10	223.440	3.308
Viðskiptaskuldir		2.426.337	1.893.428
Ýmsar skammtímaskuldir	12	7.647.897	5.248.173
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	13	3.315.462	2.848.200
Skuldir samtals		<u>13.613.136</u>	<u>9.993.109</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>14.842.484</u>	<u>14.261.313</u>
Aðrar upplýsingar			
	14		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(2.791.210)	3.347.646
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	532.738	552.157
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(532.738)	(552.157)
		<u>(2.791.210)</u>	<u>3.347.646</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(25.890)	65.225
Tengdir aðilar		(111.548)	(4.463.872)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		2.932.633	1.047.780
		<u>2.795.195</u>	<u>(3.350.867)</u>
		<u>3.985</u>	<u>(3.221)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(688.011)	(641.339)
		<u>(691.996)</u>	<u>(641.339)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		688.011	641.339
		<u>688.011</u>	<u>641.339</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	(3.221)
		<u>0</u>	<u>3.221</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisýrnnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisýrnnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisýrnnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisýrnnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbætturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2021	2020
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	78.000.000	77.400.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	532.738	552.157
	<u>78.532.738</u>	<u>77.952.157</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	77.500.000	0	0	77.500.000
Millifært úr varasjóð	500.000	0	0	500.000
Fjárveiting til tekna	78.000.000	0	0	78.000.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(80.791.210)	0	0	(80.791.210)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(2.791.210)	0	0	(2.791.210)

	2021	2020
3 Seld þjónusta		
Ýmsar þjónustutekjur	0	2.200.000
	<u>0</u>	<u>2.200.000</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Kostnaðarhlutdeild	2.245.990	0
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	650.000	1.645.608
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	0	1.772.420
	<u>2.895.990</u>	<u>3.418.028</u>

	2021	2020
5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	48.459.088	49.059.451
Orlof, breyting	2.460.144	(65.656)
Launatengd gjöld	11.042.786	11.158.473
Starfsmannakostnaður	826.163	810.554
	<u>62.788.181</u>	<u>60.962.822</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	4,6	4,5

Skýringar

	2021	2020
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	446.910	270.104
Ýmis tæki og áhöld	565.626	115.285
Orkugjafar	0	32.253
Matvæli	968.420	493.296
Almennar rekstrarvörur	492.540	692.365
Vörukaup, almenn	2.473.496	1.603.303
Kennslu- og föndurvörur	23.900	0
Ýmsar sérgreindar vörur	0	1.118
Vörukaup, sérgreind	23.900	1.118
Fundir, námskeið, risna	1.103.157	423.290
Ferðir, uppihald	946.131	1.539.450
Akstur	290.720	224.733
Sérfræðiþjónusta	5.751.359	5.745.821
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	21.635	18.454
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	423.829	1.453.706
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	506.322	240.433
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	9.043.153	9.645.887
Afnotagjöld	2.086.663	1.886.191
Leigugjöld	5.057.341	4.438.913
Notkun véla og flutningatækja	47.360	0
Verkkaup	1.814.773	645.317
Kostnaðarhlutdeild	235.503	479.890
Tryggingar, lögboðnar	3.153	0
Opinber gjöld	1.000	0
Tilfærslur	111.785	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	9.357.578	7.450.311
Annar rekstrarkostnaður samtals	20.898.127	18.700.619
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	532.539	552.157
Niðurfærsla óefnislegra eigna	199	0
	532.738	552.157
	31.12.2021	31.12.2020
8 Óefnislegar eignir		
Óefnislegar eignir	3.786	0
Staða 31.12.2021		3.786

Skýringar

9 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	1.529.203	1.373.731
	<u>1.529.203</u>	<u>1.373.731</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2021	5.544.510	42.522	5.587.032
Viðbætur á árinu	688.011	0	688.011
	<u>6.232.521</u>	<u>42.522</u>	<u>6.275.043</u>
Afskriftir 01.01.2021	4.170.779	42.522	4.213.301
Afskrift ársins	532.539	0	532.539
	<u>4.703.318</u>	<u>42.522</u>	<u>4.745.840</u>
Staða 31.12.2021	1.529.203	0	1.529.203
		31.12.2021	31.12.2020

10 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	13.283.605	13.533.190
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	0	(645.608)
	<u>13.283.605</u>	<u>12.887.582</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	223.440	3.308
	<u>223.440</u>	<u>3.308</u>

11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2021	31.12.2020
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	4.268.204	920.558
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	(247.646)	0
Afkoma ársins	(2.791.210)	3.347.646
Jöfnuður 31.12.	<u>1.229.348</u>	<u>4.268.204</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020
12 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	7.447.897	4.987.753
Önnur ógreidd gjöld	200.000	260.420
	<u>7.647.897</u>	<u>5.248.173</u>

13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	1.532.989	1.373.731
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	1.782.473	1.474.469
	<u>3.315.462</u>	<u>2.848.200</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021	1.373.731	1.474.469	2.848.200
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	1.000.000	1.000.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	688.011	(688.011)	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum	3.985	(3.985)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(532.738)	0	(532.738)
	<u>1.532.989</u>	<u>1.782.473</u>	<u>3.315.462</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 0,9 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

14 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til október 2021 og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa til næstu ára. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 6,1 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 0,5 milljónum. Einnig hafa verið gerðir skuldbindandi samningar um rekstarþjónustu húsnæðis og nema þeir kr. 4,0 milljónum.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.